

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Sagan um Rut

Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Lyn Doerksen

Saga 16 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic

Ef þér gæfist tækifæri til að hitta langömmu þína og langafa, foreldra þeirra, og alla ættingjana sem á undan þeim komu, þú yrðir væntanlega hissa hvert fólk það var.



1

Í Biblíunni segir frá móabískri stúlku er dýrkaði falsguði, sem síðar varð ættmóðir Jesú.



2

Saga Rutar byrjar í Ísrael eftir tíð Samsonar. Fólkið í Ísrael hafði hætt að treysta og hlýðnast Guði. Hræðileg hungursneyð reið yfir landið. Veistu hvað hungursneyð er? Það er þegar öll uppskera brestur. Þegar nautgripir og allur búþeningur, og meira að segja stundum fólkið, deyja af hungri.




3

Maður nokkur, Elímelek að nafni, yfirgaf Betlehem ásamt konu sinni Naómí og tveimur sonum. Þau fóru til Móab, þar sem fólkið dýrkaði falsguði.



4

Lífið í Móab reyndist fjölskyldunni erfitt. Elímelek dó, og var Naómí nú ein með sonum sínum og konu þeirra, Rut og Orpu,



sem báðar voru af Móabískum ættum. Nokkrum árum síðar dóu báðir synirnir.

5

Naómí, sem nú var orðin ekkja, heyrði að Drottinn hafði blessað fólkið sitt, og satt hungur þess. Hún ákvað að snúa aftur heim.



6

En hvað með tengdadæturnar tvær? Naómí ráðlagði þeim að vera um kyrrt í Móab, og giftast aftur.



7

Orpa tók ráðum hennar og snéri aftur til fjölskyldu sinnar, en Rut þverneitaði. Rut var ákeðin, og sannfærði tengdamömmu sína um að hún mundi aldrei yfirgefa hana.



8

Vinir Naomí glöddust við er hún kom aftur heim til Betlehem. Hún bað fólkið að kalla sig ekki lengur


Naomí, heldur Mara "Því að hinn Almáttugi hefur verið mér beiskur," sagði hún. Að Rut undanskilinni, hafði Naomí snúið heim tómhent.



9





Þó að Rut hafði fyrrum dýrkað falsguði eins og flestir í Móab, hafði hún hætt því og tekið trú á hinn sanna, lifandi Guð Ísraels.




10

Rut var dugleg og sá til þess að Naomí liði engan skort. Hvern dag fór hún út á akurinn og týndi upp kornafanga á eftir kornskurðarmönnum.




11

Bóas, eigandi kornakursins, hafði heyrt hversu vel Rut hafði reynst tengdamóður sinni. Eftir að þau hittust, skipaði Bóas kornskurðarmönnum sínum að auðvela henni korntísluna. Bóas fylltist áhuga fyrir Rut.



12


Þegar Rut sagði Naomí frá góðsemi Bóasar, þá lofaði hún Guð fyrir. "Þessi maður er frændi okkar, einn af okkar nánustu ættingjum."



13



Er tíminn leið, kom að því að Bóas vildi giftast Rut og sjá fyrir Naomí og landi því er tilheyrði fjölskyldu hennar.



14



Annar ættingi sem hafði forrétt, vildi eignast landið, en vildi ekki kvænast Rut. Samkvæmt lögum varð hann að taka hvorttveggja eða hvorugt.



15

Í þá daga voru samningar ekki gerðir með handtaki, heldur með því að rétta hinum aðilanum annan skó sinn. Þetta gerði Bóas, og var málið þar með útrætt. Bóas giftist nú Rut, og varð Naomí þá tengdamamma á ný.




16



Fyrsta barn þeirra Bóasar og Rutar var sonur, er þau skírðu Óbeð. Hann varð síðar afi Davíðs, hins mikla konungs Ísraels.

17

En það sem skiptir ennþá meira máli er að Óbeð varð ættfaðir Drottins Jesú Krists. Og þar með varð Jesús, konungur konunga, og frelsari alls mannkynsins, kominn af ætt Davíðs konungs.



18

Sagan um Rut

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Rutarbók

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesús, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: **Góði Guð**, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!